



Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps - 625

FUNDARBOÐ

**625. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps
verður haldinn Strandgötu 38, þriðjudaginn 19. desember 2023 og hefst
kl. 16:00.**

AUKAFUNDUR

Dagskrá:

Almenn mál

1. 2312004 - Tálknafjörður - Úthlutun byggðakvóta 2023-2024

Erindi frá Matvælaráðuneytinu dags. 01.12.2023 þar sem tilkynnt er um úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2023/2024. Útlutun til Tálknafjarðar á fiskveiðiárinu 2023/2024 er 285 þorskígildistonn. Sveitarfélögum er gefinn frestur til 29.12.2023 til að senda ráðuneytinu tillögur um sérreglur.

Mál frá 624. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 12.12.2023.

2. 2308091 - Hækkun útsvarsálagningar vegna fjármögnunar þjónustu við fatlað fólk

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 16.12.2023 þar sem kemur fram að fyrir liggur samkomulag á milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 15.12.2023, varðandi fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og hækkun útsvarsálagningar.

Í ljósi þessa er eftirfarandi tillaga lögð fram til sveitarstjórnar til afgreiðslu:

Með vísan til ákvæða varðandi breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk í fyrirliggjandi samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 15.12.2023, er byggir á breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem samþykkt var á Alþingi 15.12.2023, er lagt til að sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykki að álagningahlutfall útsvars fyrir árið 2024 hækki um 0,23% og verði 14,97%.

3. 2208076 - Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi

Tillaga að uppfærðri Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi lögð fram til síðari umræðu.

Mál áður á dagskrá við fyrri umræðu á 624. fundar sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 12.12.2023.

4. 2312017 - Sveitarstjórnarkosningar 2024

Tillaga undirbúningsstjórnar vegna sameiningar Vesturbyggðar og Tálknafjarhrepps til bæjarstjórnar Vesturbyggðar og sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps að dagsetning kjördags í sveitarstjórnarkosningum í sameinuðu sveitarfélagi verði 4. maí 2024.



Mál frá 2. fundi undirbúningsstjórnar vegna sameiningar Vesturbyggðar og Tálknafjarhrepps sem fór fram 15.12.2023.

Fundargerðir til staðfestingar

5. 2312002F - Íþróttta-, menningar- og æskulýðsnefnd - 14

Fundargerð 14. fundar íþróttta-, menningar- og æskulýðsnefndar Tálknafjarðhrepps sem fór fram 05.12.2023.

Frestað mál frá 624. fundi sveitarstjórnar sem fór fram 12.12.2023.

5.1 2308091 - Fjárhagsáætlun 2024-2027

Mál til kynningar

6. 2311109 - Fjárhagsáætlun Vesturbyggðar 2024-2027

Samþykkt fjárhagsáætlun Vesturbyggðar 2024-2027 með greinargerð og fjárfestingaráætlunin lögð fram í samræmi við 121 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

7. 2312040 - Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á raforkulögum (raforkuöryggi)

Umsögn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum dags. 12.12.2023 um frumvarp til laga um breytingar á raforkulögum (raforkuöryggi), 348. mál.

Fundargerðir til kynningar

8. 2312027 - Fundargerðir undirbúningsstjórnar

Fundargerð 2. fundar undirbúningsstjórnar vegna sameiningar Vesturbyggðar og Tálknafjarðahrepps sem fór fram 14.12.2023.

18.12.2023

Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri.